

Fundargerð 6. fundar ferðamálaráðs - 20. október 2010

Fundurinn var haldinn á Hótel Selfossi kl. 9:00.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Ásbjörn Jónsson, Dofri Hermannsson, Jón Ásbergsson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir. Helga Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð.

Forföll: Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi Már Björgvinsson boðuðu forföll ásamt Ólöfu Ý. Atladóttur áheyrnarfulltrúa.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og þakkaði Ásbirni Jónssyni fyrir aðstöðuna.

1. Fundargerð 5. fundar samþykkt.

2. Íslandsstofa. Verkefni á sviði markaðsmála ferðaþjónustunnar.

JÁ kynnti ítarlega tilgang, umgjörð og innra starf Íslandsstofu, m.a. hlutverk stjórnar, fagraða og ráðgjafaráðs.

JÁ lýsti því hve flókin ferðaþjónustan væri enda fjöldi fyrirtækja og viðskiptavina nær óendanlegur.

Umræður spunnust um kynninguna og svaraði JÁ spurningum ráðsmanna.

Formaður þakkaði JÁ fyrir góða kynningu og lýsti því að ferðamálaráð fagnaði stofnun Íslandsstofu og vonaðist til að stofnunin stæði undir þeim væntingum sem gerðar eru til hennar. Mikilvægt væri að fá skýrt úr því skorið hvort Íslandsstofa hafi réttindi og skyldur opinberrar stofnunar og heyri þar með undir stjórnsýslu- og upplýsingalög - eða hvort um annars konar rekstrarform er að ræða sem veiti stjórn og stjórnendum fullt frelsi til að stýra starfsemi óháð þeim ramma sem á við opinberan rekstur.

3. Umhverfisgjald vegna uppbyggingar ferðamannastaða.

HH fór yfir starf nefndar fjármálaráðherra sem fjallaði um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu og hugmyndir um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar.

Miklar umræður spunnust um þennan lið og voru eftirfarandi ályktanir samþykktar:

a) Til iðnaðarráðherra

Á fundi sínum í dag fjallaði ferðamálaráð um þá stöðu sem upp er komin varðandi ágreining um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu. Voru fulltrúar í ráðinu sammála um að nauðsynlegt væri að kynna mun betur markmið gjalddökkunar - þ.e. stofnun og hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar – í viðleitni við að ná betri sátt væri um gjaldt

Ferðamálaráð fer því þess eindregið á leit að drög að frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar verði lögð fyrir ráðið sem allra fyrst svo það geti fjallað um tillögur um nýtingu þessa umdeilda gjalds og verið iðnaðarráðherra innan handar við að afla stofnun þessa mikilvæga sjóðs fylgis innan atvinnugreinarinnar.

b) Til iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra

Ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allar tekjur af fyrirhuguðu umhverfisgjaldi á ferðaþjónustu renni óskertar til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar svo stuðla megi að kraftmikilli uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða um land allt. Mörg og brýn verkefni brenna á stjórnvöldum og greininni í þessu efni því viðhald og uppbygging undangenginna ára hefur verið af allt of skornum skammti miðað við vöxt ferðaþjónustu og mikilvægi hennar í íslensku efnahagslífi. Tilkoma öflugss Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar er því lykilatriði ef takast á að vernda náttúru landsins og byggja upp íslenska ferðaþjónustu til framtíðar.

Af þessum sökum hefur ferðamálaráð af því þungar áhyggjur ef upp er kominn ágreiningur um færar leiðir til fjármögnunar. Er hér annars vegar vísað til þess mats sem birtist í tillögum nefndar um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu frá 17. mars sl. - þar sem mælt er með gistináttgjaldi – og hins vegar framkomnum sjónarmiðum fjölmargra aðildarféлага Samtaka ferðaþjónustunnar, sem virðast hafna þeirri leið alfarið.

Mjög brýnt er að sem fyrst verði höggvið á þann hnút sem tefur stofnun Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar og fundin einföld leið sem leiðir til nauðsynlegrar fjármögnunar sjóðinn.

Ferðamálaráð leggur á það ríka áherslu að sú leið felist í fyrsta lagi í útfærslu á hóflegu grunngjaldi, sem leggst jafnt á alla og í annan stað í samsetningu af mismunandi leiðum til innheimtu á gjöldum fyrir aðgengi og staðbundna þjónustu. Í þessu sambandi er hægt að líta til reynslu annarra þjóða s.s. af útgáfu náttúrupassa, gjaldtöku í þjóðgörðum og við einstaka fjölsóttu ferðamannastaði.

Jafnframt er þeim tilmælum beint til ráðherra að sú gjaldheimta sem ákveðin verður komi ekki til framkvæmda fyrir en 1. september 2011 þar sem gjaldskrár fyrir næsta sumar liggja nú þegar fyrir og því óhægt um vik að bæta gjaldinu við fyrir þann tíma án þess að fyrirtækin sjálf þyrftu að fjármagna það af sinni takmörkuðu framlegð.

4. Rannsóknir í ferðaþjónustu.

DH bendir á þann stuðning sem ferðaþjónustan hefur aðgang að vegna rannsóknarstarfs en nýtir ekki, s.s. Starfsorku og endurgreiðslu R&D-kostnaðar (rannsókn- og þróunarkostnaðar) skv. lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Þetta séu leiðir sem ferðaþjónustunni eru greiðfærar en nánast ekkert ferðaþjónustufyrirtæki nýti sér. Á meðan svo sé verði að telast undarlegt að tala um að það þurfi meira fé í rannsóknir og þróun. Það geti þó vel átt við um akademískar rannsóknir sem ekki rúmast innan fyrirtækja/klasa.

Rætt var um nauðsyn á málþingi um rannsóknir í ferðaþjónustu sbr. hugmyndir þar um síðan í vor. Þar verði m.a. farið yfir þær rannsóknir sem nú eru í gangi og möguleika á að fá aukið fé í þennan mikilvæga þátt. Ferðamálastofa gæti verið rétti aðilinn til að standa fyrir slíku málþingi sem yrði stefnumótandi í þessum málaflokki. Ferðamálaráð leggur ríka áherslu á að mótuð verði rannsóknarstefna samhliða þeirri heildarstefnumótun í ferðamálum sem nú stendur yfir.

Ákveðið að ráðsmenn fengju senda þarfagreiningu á rannsóknabörf í ferðaþjónustu sem samgönguráðuneytið fól Ferðamálastou að vinna á árinu 2007 og einnig skýrsluna Rannsóknir í ferðaþjónustu frá árinu 1995.

5. Staða stefnumótunar og aðgerðaáætlunar.

HH sagði stuttlega frá stöðunni er rýnihópar starfsfólks Ferðamálastofu, Íslandsstofu og markaðsstofa hafa verið verkefnisstjóra til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlunar.

Stefnan verður tilbúin í byrjun nóvember og væntanlega lögð fram á Alþingi fyrir áramót.

Fundi slitið kl. 11:30 og formaður ítrekaði þakkir til Ásbjörns Jónssonar gestgjafa.